

Stjórnarfundur LM ehf 8. mars 2019.

Mættir voru : Ólafur Þórisson, Ágúst Hafsteinsson, Lárus Hannesson og Sveinn Steinarsson

Dagskrá fundarins :

1. Viljayfirlýsing vegna landsmót 2022.
2. Landsmóts 2024.
3. Samningur WF og LM.
4. Fjárhagsstaða.

Til að ræða viljayfirlýsingu vegna Landsmótsins 2022 voru mættir frá Hestamannafélaginu Spretti Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Lárus Finbogason og Magnús Benediktsson.

"Fulltrúar Sprettis segja að ekkert hafi breyst sambandi við vilja þeirra við að halda landsmótið 2022 á sínu svæði og aðilar sammála um að stefnt skuli að gerð samningsdraga sem send verða á Sprettara fyrir lok mars. Bæjaryfirvöld sveitarfélaganna Kópavogs og Garðabæjar, sem standa að svæði félagsins, hafa lýst því yfir að þau munu styðja við verkefnið með öflugum hætti "

Ýmis atriði sem tengjast mótinu rædd s.s tímasettning mótins, afgjald fyrir mótið, miðaverð og fyrirkomulag miðasölu. Ljóst að talsverðar breytingar hafa orðið á samningsforsendum síðan viljayfirlýsing var undirrituð og munu því samningsdrög byggja á sömu forsendum í megin atriðum og voru í samningunum ( samningnum og viðauka ) milli aðila sem gerðir hafa verið vegna landsmótanna 2018 og 2020, miklivægt að komandi samningur sé skýr og lýsandi fyrir verkefnið. Aðilar sammála um að undirrita samninginn 1.maí 2019.

Stjórn sammála um að auglýsa eftir áhugasömum landsmótshöldurum vegna landsmóts 2024 á haustdögum ( sept, okt).

Formanni falið að ganga frá samningi um myndbanda verkefnið milli LM og BÍ/ WF.

Ólafur Þórisson fór yfir fjárhag félagsins, greindi m.a frá skuldauppgjör milli BÍ og félagsins sem hefur talsverð áhrif á fjárhag félagsins sem og því að ársreikningur f. 2018 sé tilbúin.

Stefnt er að því að halda aðalfund félagsins eigi síðar en 1. maí.

Fundargerð ritaði

Sveinn Steinarsson